



436. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti 12 miðvikudaginn 25. apríl 2018 kl. 11.30. Mættir til fundarins voru Vilhjálmur Árnason varaformaður, Líneik Anna Sævarsdóttir, Oddný Harðardóttir, Karl Gauti Hjaltason og Páll Magnússon. Ari Trausti Guðmundsson formaður mætti kl. 12.

Einnig voru mættir til fundarins Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður, Árni Geirsson Alta og Hrefna Jónsdóttir sérfræðingur sem ritaði fundargerð.

Varaformaður setti fund:

1. Forkaupsréttur að Neðristíg 10.
Þingvallanefnd samþykkir að falla frá forkaupsrétti að frístundahúsi við Neðristíg 10 og heimila framsal til kaupanda með vísan til erindis frá Fasteignamarkaðnum dags. 18.4.2018 sbr. staðfestingu kaupanda í tölvupósti dags. 20.4.2018.
2. Umsókn Náttúrustofu Kópavogs vegna styrks.
Farið yfir kostnaðaráætlun og umsókn.
Þingvallanefnd samþykkir að veita 3 m.kr. í styrk árið 2018 til verkefnisins.
Formanni falið að gera drög að rannsóknar- og vöktunaráætlun með þjóðgarðsverði.
3. Kárastaðabærinn og minnisblað.
Þingvallanefnd þakkar fyrir erindið sem var kynnt.
4. Stefnumótun, tillaga að verkáætlun.
Gestur; Árni Geirsson Alta.
Farið yfir áherslupætti í stefnumótuninni.
Samþykkt að fyrir 9. maí verði komin fram lokadrög sem send verða í kynningu.
5. Önnur mál
 - a. Gjaldskrár staða mála.
Unnið er að endurskoðun gjaldskráa fyrir þjónustu.
 - b. Næsti fundur ákveðinn þann 9. maí.

Fleira ekki gert og fundi slitið.